

ekki hefur verið birt, hvorki stefnda nje undirdómaranum, og stefndi hefur eigi mætt nje látið mæta fyrir þessum rjetti í málinu, ber að vísa henni frá yfirdóminum.

Þvi dæmist rjett vera:

Stefnunninn í máli þessu vísast frá landsyfirrjettinum.

Mánudaginn 2. ágústmánaðar.

Nr. 22/1897:

Rjettvísinn

gegn

Gísla Hjálmarssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu, uppkveðnum 27. febr. þ. á., var hinn ákærði húsmáður Gíslur Hjálmarsson á Næfranesi dæmdur fyrir stuld á kind samkvæmt 231. gr. 1. lið. alm. hegningarlaga í 8 mánaða betrunarhúsvinnu og til að greiða í iðgjöld 14 kr. til Erlendar Jóhannessonar á Næfranesi. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað að meðtöldum málsfærslulaunum til verjanda hans í hjerði cand. Gríms Jónssonar 10 krónur. Þessum dómi hefur að ósk hins dómfellda verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem styðst við aðrar skýrslur í málinu, er það löglega sannað, að hann aðfangadagskvöld jóla f. á. brauzt

inn í fjárhús Erlendar bónda Jóhannessonar á sama bæ, sem bundið var aptur með snæri, og tók þar gimbur veturgamla, er Erlendur átti, og skar hana í útihúskofa, er hann átti við bæ sinn, en faldi hausinn og skrokkinn við móhlada þar í kofanum og breiddi þoka yfir. Fór ákærði síðan heim og háttaði, en snemma um morguninn daginn eptir (jóladagsmorgun) fór hann og gjörði kindina til og ljet hausinn, gæruna og innyflin í þoka, sem hann gróf niður í moðbing, en brytjaði kjötið niður og saltaði mest af því, en fór með nokkuð inn í bæ og ljet matreiða það, án þess konu hans grunadi annað en að það væri kjöt af þeirra eigin kind, er skorin hafði verið á aðfangadagsmorguninn. Eigandi hinnar stolnu gimbrar kom litlu síðar um daginn til ákærða og spurði eptir gimbrinni, en ákærði þóttist ekki vita neitt um hana, en morguninn eptir (á annan í jolum) tók ákærði eptir því að þokinn með innyflunum var horfinn þaðan, sem hann hafði falið hann, og skildi hann þá að allt var komið upp um hann og fór til eiganda kindarinnar og bað hann fyrirgefningar á yfirsjón sinni. Ákærði kom úr kaupstað á aðfangadagskvöldið talsvert drukkinn og hafði hann selt þar á laun við konu sína kindarkropp, er slátrað hafði verið þar á heimilinu um morguninn. Grunadi konuna þegar, að ákærði hefði selt kindarkroppinn, því að hann hafði vínföng meðferðis úr kaupstaðnum, og ekki var um annan gjaldeyri að ræða en kjötið, og bar hún það upp á ákærða og hugkvæmdist honum þá að stela kind frá ná-

granna sínum til að leyndu sögunni og kannadist því ekki við fyrir konunni að hafa selt nema hálfan kroppinn. Ákærði hefur einnig síðar í vörn sinni borið það fram, að hann hafi þótt hafa farið halloka fyrir Erlendi bónda í viðskiptum áður og hafi því álitid sig eiga hjá honum það, er næmi einu kindarverdi.

Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefur honum eigi verið refsað áður eða hann sætt ákæru fyrir neitt lagabrot.

Þó að það sje komid fram í málinu, að ákærði hafi verið nokkuð drukkinn, er hann framdi þjófnaðinn, verður þó ekki eptir öllum atvikum og sjerstaklega með tilliti til þess, að hann framdi þjófnaðinn mjög kænlega og með mikilli fyrirhyggju, álitid, að hann hafi þá verið svo ruglaður af drykkjuskap, að það hafi haft áhrif á sjálf-ræði hans og geti haft þýðingu fyrir sakhæfi hans. Brot hans hefur hjeradsdómarinn rjettilega heimfært undir 1. lið 231. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákvedin í hjeradsdóminum 8 mánaða betrunarhúsvinna. Með því að einnig verður að fallast á ákvæði dómsins um idgjöld og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 10 kr. til hvors þeirra. — Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og máls-tærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskadur. Akærði Gísli Hjálmarsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar og cand. juris Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Iðgjöldin greiðist, áður liðnar sju 8 vikur eptir lögbirtingu dómsins og skal honum að öðru leyti fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 17/1897:

Rjettvísing

ægn

síra Halldóri Bjarnarsyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Þingeyjarsýslu, uppkveðnum 14. desembermán. f. á. var hinn ákærði Halldór Bjarnarson prófastur á Presthólum dæmdur til að sæta 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir gripdeild eptir 239. gr. almennra hegningarlaga 25 júní 1869, sbr. 250. og 230. gr. sömu laga, til að greiða skaðabætur, 23 kr., Guðmundi Guðmundssyni, og 16 kr. Þórarni Benjamínssyni, til að greiða 5 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu, og loks til að greiða allan kostnað málsins í hjerði. Dómi þessum hefur verið skotið til yfirdómsins eptir ósk hins ákærða.

Hinn ákærði, sem var þjónandi prestur að